

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Óskað hefur verið eftir því að fjármálaskrifstofa kynni ráðinu stöðu tveggja verkefna er varða umbætur og gagnsæi fjárhagsupplýsinga, þ.e. innleiðingu á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar og innleiðingu rafrænnar gagnagáttar vegna birtingar á fjárhagsupplýsingum.

Hugbúnaður fyrir stjórnendaupplýsingar: Unnið er að útbóði og vali á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar hjá Reykjavíkurborg. Úbóðið hefur verið í undirbúningi frá því snemma á síðasta ári með þarfagreiningum á öllum sviðum borgarinnar, gerð kostnaðar- og innleiðingaráætlunar og arðsemisgreininga sem kynnt var borgarráði í lok síðasta árs. Útbóð á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar hefur þegar verið auglýst og forval farið fram, og er nú um þessar mundir unnið að kröfulýsingu vegna útbóðsins. Verkefnið er leitt af fjármálaskrifstofu í samstarfi við tölfraði og greiningardeild á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, en að því koma jafnframt starfsmenn áætlunardeildar og kjaradeildar, velferðarsviðs og upplýsingatæknideildar. Innan skamms munu taka við flóknar samkeppnisviðræður sem munu líklega standa næstu þrjá til fjóra mánuði með aðkomu lykilstarfsmanna fjármálaskrifstofu, tölfraði- og greiningardeildar, fulltrúa velferðarsviðs og upplýsingatæknideildar.

Rafræn gagnagátt og birting fjárhagsupplýsinga: Innleiðing á rafrænni gagnagátt og birtingu fjárhagsupplýsinga á vef hefur verið í undirbúningi um margra mánaða skeið. Fyrir liggur greinargóð lýsing á umfangi verkefnisins, framkvæmd og verkferlum, ásamt innleiðingar- og kostnaðaráætlun. Hefur lýsingin og áætlunin þegar verið kynnt borgarráði og stjórnkerfis- og lýðræðisráði. Þar er tekið fram að gert er ráð fyrir að ráðinn verði tímabundinn verkefnisstjóri til þess að halda utanum verkefnið og koma því í framkvæmd. Fjármálaskrifstofa hefur unnið að því í samstarfi við UTD að finna góðan verkefnisstjóra til þess að leiða verkefnið af stað en ekki hefur tekist að útvega hann enn sem komið er og hefur framgangur þess liðið fyrir það. Vonir standa til að úr þessu rætist á næstunni. Þegar búið er að fá verkefnisstjóra er gert ráð fyrir að verkefnið taki um 4-5 mánuði.

Fjármálaskrifstofa vinnur nú um þessar mundir að fimm stórum verkefnum sem öll hafa mikil áhrif á fjármálalegar upplýsingar hjá Reykjavíkurborg, vinnslu þeirra, framsetningu, aðgengi og gagnsæi. Auk þeirra tveggja sem greint er frá hér að ofan eru eftirtalin verkefni í vinnslu:

Mannauðs- og launakerfi: Í þriðja lagi stendur yfir innleiðing á nýju mannaúts- og launakerfi SAP fyrir Reykjavíkurborg. Innleiðingin hófst síðastliðið sumar og er á góðum skrið um þessar mundir undir forystu stýrihóps og verkefnisstjóra. Miðað er við að taka launa- og ráðningakerfi í notkun 1. apríl nk. Síðan tekur við innleiðing fræðslukerfis og launaáætlunarkerfi sem þarf að vera tilbúið í maí nk. vegna fjárhagsáætlunar 2017. Þetta verkefni er unnið í nánu samstarfi við mannaútsdeild og upplýsingatæknideild. Hér er um að ræða stórt og umfangsmikið verkefni sem reynir umtalsvert á starfsmenn fjármálaskrifstofu, einkum kjaradeild sem ber ábyrgð á verkefninu, bókhald vegna tenginga við fjárhagsbókhaldskerfi og áætlunardeild vegna launaáætlana sem verða nú í fyrsta sinn unnar beint inn í mannaúts- og launakerfinu.

Samstæðu uppgjors- og áætlunarkerfi: Í fjórða lagi stendur yfir innleiðing á nýju samstæðu uppgjors- og áætlunarkerfi *Consolidation & Cash*. Þetta uppgjors- og áætlunarkerfi mun gerbreyta vinnslu samstæðuuppgjors og samstæðuáætlana, bæta framsetningu, gerð logbók með lokafærslum uppgjors, draga úr eða jafnvel eyða tvískráningu gagna, bæta skýrslugjöf og skapa innbyggða möguleika á töflu- og myndframsetningu efnis. UTD hefur nýverið útvegað verkefnisstjóra í þetta verkefni og er það nú komið er á

fullan skrið. Þetta verkefni er unnið í nánú samstarfi við upplýsingatæknideild og reynir á marga lykilstarfsmenn skrifstofunnar, einkum í uppgjörs-, áætlunar-, fjárstýringar- og bókhaldsdeild.

Fjárhagsbókhaldskerfi: Í fimmta lagi er undirbúningur hafinn við stóra uppfærslu á fjárhagsbókhaldskerfi borgarinnar *Agresso* sem verður næsta sumar með aðkomu allra helstu lykilstarfsmanna bókhaldsdeildar sem og upplýsingatæknideildar borgarinnar.

Öll ofangreind verkefni munu hafa mikil áhrif á vinnslu, framsetningu og birtingu á fjárhagsupplýsingum borgarinnar. Það skal á það bent að starfsmenn Reykjavíkurborgar þurfa í dag oft á tíðum að reiða sig á löngu úrelt verklag við meðhöndlun gagna og gagnavinnslu, þar sem ólík upplýsingakerfi og gagnalíkön tala ekki saman og villuhætta er mikil með tilheyrandi álagi. Innleiðing á hugbúnaði fyrir stjórnendaupplýsingar er t.a.m. verkefni sem hefur verið lengi í undirbúningi og áhersla lögð á að takast á við þann vanda. Með undirbúningi þess er unnið að skipulegri framsetningu flókinna gagna á sviði fjárhags, mannauðs og þjónustu og eru bundnar miklar vonir við að sú vinna muni bæta verulega aðgengi að upplýsingum, auðvelda samantekt gagna og um leið birtingu þeirra til framtíðar. Þá hefur fjármálaskrifstofa um árabíl leitað að upplýsingakerfi til þess að taka saman samstæðuuppgjör og -áætlanir borgarinnar. Um mitt síðasta ár var loks gerður samningur um kaup á upplýsingakerfinu Consolidation & Cash sem er nú komið í innleiðingu og tekur við hlutverki úreltra excel líkana. Þess má að auki geta að öll launaáætlun borgarinnar hefur verið unnin í excel líkönum um árabíl ásamt mati á kjarasamningum, en hún er nú á leið inn í nýtt mannauðs- og launakerfi sem mun gjörbreyta vinnubrögðum fjölda stafsmanna sem koma að vinnslu launaáætlana víða hjá borginni.

Það eru miklar breytingar framundan á sviði fjárhags-, mannauðs- og þjónustuupplýsinga og verkefnin eins og þeim er lýst hér eru umfangsmeiri en þau hafa verið um árabíl. Þó er áréttað að nái öll þessi verkefni fram að ganga má búast við byltingarkenndum breytingum í aðgengi að upplýsingum fyrir stjórnendur, borgarfulltrúa og íbúa, um leið og vinnuumhverfi starfsmanna Reykjavíkurborgar mun batna stórlega.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Haldóra Káradóttir,
skrifstofustjóri og
deildarstjóri áætlunar- og greiningardeildar